



## Fundur háskólaráðs 30. nóvember 2005

### Fundargerð

Málsnúmer: HI05010007

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir

Staða: Í vinnslu

### Dagsetningar:

Búið til: 23.11.2005

Dags: 30.11.2005

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4000; 525 4300

Fax: 552 1331

14/2005

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2005, fimmtudaginn 30. nóvember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Bryndís Harðardóttir, Eiríkur Tómasson, Inga Jóna Þórðardóttir, Jóhannes R. Sveinsson, Jón Ó. Skarphéðinsson, Matthías Páll Imsland, Rögnvaldur Ólafsson og Vilhjálmur Árnason. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

### 1. Erindi til háskólaráðs

#### 1.1 Endurskoðuð drög að reglum um styrki til doktorsnema við Háskóla Íslands úr Háskólasjóði Eimskips, sbr. fund ráðsins 7. október sl.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega. Í umræðunni var m.a. fjallað um það hvort styrkhæfi skuli alfarið einskorðast við doktorsnám, hvort vísindanefnd skuli gera tillögu að forgangsröðun umsókna til úthlutunarnefndar, hvort úthlutunarnefnd skuli endurspegla fræðasvið H.Í., hvort styrkþegar megi sinna öðru starfi á styrktímabilinu, og hver skuli vera styrkumsækjandi, stúdent og leiðbeinandi í sameiningu eða leiðbeinandi einn.

Málið verður áfram til umræðu á næsta fundi háskólaráðs.

#### 1.2 Stjórnir, nefndir og ráð:

a) Skipan úthlutunarnefndar Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands til næstu tveggja ára, þ.e. til 30. júní 2007.

- Frestað.

b) Skipun eins varafulltrúa (frá FAÍ) í stjórn Endurmenntunarstofnunar Háskólans. Stjórn Arkitektafélags Íslands tilnefni Jóhann Sigurðsson arkitekt FAÍ til næstu tveggja ára.

- Samþykkt einróma að skipa Jóhann Sigurðsson arkitekt FAÍ varafulltrúa í stjórn Endurmenntunarstofnunar Háskólans til 30. 07. 2007.

#### 1.3 Meðferð persónugreinanlegra upplýsinga innan H.Í., sbr. fund ráðsins 17. mars og 6. október sl. Alit Siðfræðistofnunar H.Í.

- Samþykkt að vísa álitssgerðum Lagastofnunar og Siðfræðistofnunar til akademískrar stjórnsýslu til frekari meðferðar í samráði við stofnanirnar tvær og í tengslum við verklagsreglur um miðlun upplýsinga úr upplýsingakerfum Háskóla Íslands. Málið kemur aftur á dagskrá háskólaráðs á vormisseri 2006.

#### 1.4 Tillögur um breytingu á reglum:

a) Tillaga skv. ábendingu lagadeildar um breytingu á 59. gr. reglna Háskólans nr. 458/2000, um tímamörk varðandi skipun prófdómara, sbr. fund ráðsins 6. október sl. Endurskoðuð tillaga.

Eiríkur Tómasson gerði grein fyrir tillögunni og var hún rædd. Fram kom sú breytingartillaga við endurskoðaða tillögu lagadeildar að í stað orðanna „innan viku“ í fyrstu setningu komi „innan tíu daga“.

- Samþykkt einróma að 2. mgr. 59. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands orðist svo: „Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan tíu daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta innan tveggja vikna frá því að kennari hefur útskýrt úrlausnina fyrir honum. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meirihluti nemenda, telji þeim til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi. Prófdómari verður þó ekki skipaður, ef meira en sex vikur hafa liðið frá birtingu einkunnar og þar til beiðni um skipunina berst.“

b) Tillaga lagadeildar að breytingu á reglum um doktorsnám og rannsóknanámsnefnd við lagadeild H.Í., sbr. bréf deildarinnar, dags 23. nóvember sl. Eiríkur Tómasson gerði grein fyrir tillögunni og var hún rædd stuttlega.

- Samþykkt einróma að 3. gr. reglnanna orðist svo: „Umsóknarfrestur um doktorsnám er að jafnaði 15. mars vegna náms sem byrjar á haustmisseri og 15. september vegna náms sem byrjar á vormisseri. Deildarfundur getur ákveðið að umsókn, sem berst að liðnum umsóknarfresti, verði tekin til umfjöllunar í rannsóknanámsnefnd.“

Þá bætist við 5. gr. ný málsgrein svohljóðandi: „Óski umsækjandi eftir því að skrifa ritgerð sína á öðru tungumáli en íslensku getur rannsóknanámsnefnd gert það að skilyrði að umsækjandi sanni færni sína í viðkomandi tungumáli með því að láta hann gangast undir próf eða leggja fram sérstakt vottorð þar að lútandi.“

c) Tillaga læknadeildar um að inntökuskilyrði í deildina verði færð til sama horfs og almennt gildir, þ.e. að hætta áskilnaði um að stúdentspróf sé af bóknámsbraut, sbr. bréf deildarinnar 17. október sl.

Rektor gerði grein fyrir tillögunni.

- Samþykkt einróma að læknadeild verði heimilað að breyta inntökuskilyrðum sínum þannig að skilyrði fyrir því að hefja nám við deildina verði eftir breytinguna eftirfarandi: „Stúdentspróf, eða annað próf frá erlendum skóla“.

d) Tillaga akademískrar stjórnarsýslu að reglum um erlenda lektora og sérfræðinga við Háskóla Íslands, í ljósi skýrslu um málefni erlendra sendikennara við H.Í. sem lögð var fram í háskólaráði 4. desember 2003 og fjallað um í ráðinu 25. mars 2004. Sjá nánar skýringar með tillögunni (sem sendar verða í tölvupósti).

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma að vísa málinu til umsagnar samráðsnefndar um kjaramál.

#### 1.5 Tillaga hugverkanefndar háskólaráðs að breytingu á verklagsreglum við hagnýtingu hugverka.

- Frestað til næsta fundar.

#### 1.6 Erindi stúdents frá Kaupmannahafnarháskóla.

Inn á fundinn kom Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri akademískrar stjórnarsýslu,

og gerði grein fyrir málinu sem var rætt. Rektor bar upp tillögu um að þrír fulltrúar úr háskólaráði, Bryndís Harðardóttir, Eiríkur Tómasson og Vilhjálmur Árnason, fari yfir málið og leggi fram tillögu um afgreiðslu þess á næsta fundi ráðsins.  
- Samþykkt einróma.

## **2. Mál á dagskrá**

### **2.1 Fjárhagsstaða Háskólans, yfirlit eftir tíu mánuði.**

Rektor gerði grein fyrir framlögðu yfirliti yfir fjárhagsstöðu Háskólans fyrstu tíu mánuði ársins og var það rætt.

### **2.2 Tillaga að skiptingu fjár 2006.**

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar og gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði fjármálanefndar um skiptingu fjárveitinga á árinu 2006. Málið var rætt og svöruðu rektor og Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.

### **2.3 Málefni vinnumatssjóðs, sáttmálasjóðs og ársmatssjóðs:**

a) Tillaga rektors um að þeim starfsmönnum Háskólans sem fengið hafa úthlutað úr vinnumatssjóði Fh og ársmatssjóði verði bætt launatengd gjöld fyrir árin 2004 og 2005, sbr. bréf rektors til formanns Fh, dags. 21. nóvember sl. og meðfylgjandi greinargerð.

b) Fjárhagsleg samskipti H.Í. og stofnana vegna vinnumatssjóðs, sáttmálasjóðs og ársmatssjóðs. Fram lagt minnisblað eftir fund fulltrúa Háskóla Íslands með starfsfólki menntamálaráðuneytisins 23. nóvember 2005.

- Frestað til næsta fundar.

### **2.4 Málefni stefnunefndar H.Í. og LSH. Nefndin kemur á fundinn kl. 15 Lagt fram minnisblað um stöðu mála. Magnús Pétursson, forstjóri LSH, gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.**

Inn á fundinn komu fulltrúar í stefnunefnd Háskóla Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahúss. Magnús Pétursson, forstjóri LSH, greindi frá stöðu og framtíð samstarfssamnings H.Í. og LSH. Í máli Magnúsar kom m.a. fram að unnið er að endurskoðun samningsins sem væntanlega mun ljúka vorið 2006. Gerði Magnús ítarlega grein fyrir forsendum samningsins og fyrirkomulagi endurskoðunarinnar, s.s. bóksafnmála, uppbyggingu LSH, nýskipan sameiginlegra starfa, fyrirkomulagi göngudeildaraðstöðu fyrir verkstofu tannlæknadeildar, akademískar nafnbætur, frekari uppbyggingu sérnáms í heilbrigðisvísindagreinum, sameiginlegri stefnu um vísinda- og rannsóknastörf, sameiginlegri áætlun um þróun sérútbúins kennsluhúsnæðis, samráðs við gerð starfslýsinga fyrir sviðsstjóra á LSH og forstöðumanna fræðasviða í H.Í. og LSH og Erfðafræðinefnd. Málið var rætt. Þakkaði rektor stefnunefnd fyrir komuna á fundinn.

## **3. Mál til fróðleiks**

### **3.1 Háskólafundur 17. nóvember 2005. Lagt fram minnisblað og Jafnréttisáætlun H.Í. 2005-2009.**

### **3.2 Yfirlit funda og viðburða 2005-2006.**

### **3.3 Frumvarp til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun. Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006. Þingskjal 363 – 331. mál.**

Fleira var ekki gert.  
Fundir slitið kl. 17.00.